

Áveitan

6. tbl. 8. árgangur. Júní 2014

17. júní í Flóahreppi

Í tilefni af 70 ára afmæli lýðveldisins hafa ungmennafélögin og kvenfélögin í Flóahreppi ákveðið að taka höndum saman og halda í fyrsta sinn sameiginlega 17. júní hátíð á þjóðhátíðardaginn. Hátíðardagskráin fer fram í Einbúa sem er félagssvæði Umf. Baldurs í fyrrum Hraungerðishreppi. Keyrt er upp Oddgeirshólaveg og beygt til hægri áður en komið er upp á hlaðið í Oddgeirshólum.

Dagskráin hefst klukkan 14:00 með ávarpi fjallkonunnar en síðan verða ýmsir leikir og íþróttakeppni í boði fyrir unga og eldri. Andlitsmálning verður á staðnum og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Í lokin munu félögin svo að bjóða upp á kaffiveitingar í tjaldi sem verður á staðnum. Ef veður er með versta móti verður dagskráin færð inn í Þingborg. Við vonum svo sannarlega að sem flestir íbúar Flóahrepps og einnig burtfluttir sjái sér fært að mæta á þennan sögulega viðburð og fagna þjóðhátíðardeginum með sveitungum sínum.

Ungmennafélögin og kvenfélögin



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá sveitarstjóra

Sveitarstjórnarkosningar 2014

Niðurstaða sveitarstjórnarkosninga í Flóahreppi 2014 er eftirfarandi:

F-listi 238 atkvæði

T-listi 123 atkvæði

Á kjörskrá voru 453. Alls kusu 367 eða 81% kjósenda, auðir seðlar voru 6.

Sveitarstjórn 2014-2018 verður skipuð eftirtöldum aðilum:

Árni Eiríksson F-lista

Svanhvít Hermannsdóttir T-lista

Margrét Jónsdóttir F-lista

Sigurbára Rúnarsdóttir F-lista

Elín Höskuldsdóttir T-lista

Skoðanakönnun um sameiningu sveitarfélaga

Niðurstaða skoðanakönnunar um sameiningu Flóahrepps við önnur sveitarfélög er eftirfarandi:

Já sögðu 165

Nei sögu 163

Alls tóku 340 manns þátt í skoðanakönnun eða 75,1 % kjósenda.

Af þeim sem sögðu já vilja 55 sjá sameiningu Flóahrepps við öll önnur sveitarfélög í

Árnessýslu, 40 vilja sjá Flóahrepp sameinast Árborg og 38 vilja sjá Flóahrepp sameinast Uppsveitum Árnessýslu.

Aðrir sameiningarkostir fengu færri atkvæði.

Vatnsframkvæmdir í Þingdal

Búið er bora nýja kaldavatnsholu við hlið eldri holu í Þingdal en vatnið úr henni á það til að verða gruggugt vegna þess að botn í brunni hennar er stöðugt að hækka. Mikið af vatni fannst í nýju vatnsholunni á 36 m dýpi. Vatnssýni hefur verið tekið af fulltrúa Heilbrigðisefirlits Suðurlands og beðið er niðurstöðu úr sýnatöku. Það var Ræktó sem annaðist framkvæmdir sem tók um 2 daga.

Framkvæmdir við leikskóla

Þriðjudaginn 27. maí s.l. var gengið frá samningi um framkvæmdir við leikskólann Krakkaborg í Þingborg sem felast í endurbótum og viðbyggingu við leikskólann. Það voru sveitarstjóri Flóahrepps og framkvæmdastjóri JÁVERK ehf sem skrifuðu undir samninginn. Áætlað er að kostnaður vegna framkvæmda nemi um 131.700.000 kr með virðisaukaskatti. Verkinu á að vera lokið 19. desember 2014 og reiknað er með að starfsemi leikskólans geti hafist í endurbættu og nýju húsi um áramót 2014/2015.

Nýr skólastjóri

Anna Greta Ólafsdóttir hefur verið ráðinn skólastjóri Flóaskóla frá 1. ágúst 2014 þegar Guðmundur Freyr Sveinsson mun láta af störfum.

Anna Greta lýkur MA námi í menningarstjórnun frá Háskólanum á Bifröst í júní n.k. Hún er með B.Sc í íþrótt- og heilsufræðum og með kennsluréttindi á grunn- og framhaldskólastigi.

Anna Greta hefur starfað sem skólastjóri Reykhólaskóla. Hún er í sambúð með Bjarna Jóhannessyni og saman eiga þau þrjár dætur. Fjölskyldan mun setjast að í Skólatröð við Flóaskóla.

Ársreikningur Flóahrepps 2013

Ársreikningur Flóahrepps fyrir árið 2013 var samþykktur samhljóða 7. maí s.l. að loknum tveimur umræðum og var rekstarniðurstaða jákvæð um tæpar 12 milljónir króna .

Rekstur sveitarfélagsins skiptist í A og B hluta. Til A hluta telst starfsemi sem er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð með skatttekjum eða Aðalsjóður og Eignasjóður.

Til B hluta teljast fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins sem ætlað er að vera fjárhagslega sjálfstæð en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi Flóahrepps eru vatnsveita og leiguíbúðir. Í samanlögðum A og B hluta eru niðurstöðutölur eftirfarandi í þúsundum króna:

Helstu niðurstöður samantektar A og B hluta eru eftirfarandi í þúsundum króna:

Rekstrartekjur	484.725
Rekstargjöld	473.842
Fjármunatekjur	1.050
Rekstrarniðurstaða	11.933
Eigið fé	510.755
Skuldir	140.627
Eignir	651.382

Menningarstyrkir Flóahrepps 2014

Tvær umsóknir bárust um menningarstyrk Flóahrepps fyrir árið 2014 en frestur til að skila inn umsóknum rann út 15. apríl s.l.

Búnaðarfélag Hraungerðishrepps fékk 700.000 kr. styrk vegna örnefnasöfnunar í fyrrum Hraungerðishreppi.

Þórbergur Hrafn Ólafsson fékk 300.000 kr. styrk til ljósmyndunar á sögu bændasamfélagsins í Flóahreppi, 300.000 kr.

Styrkhafar fá heillaóskir með verkefni sín.

Íþróttamaður og íþróttakona Flóahrepps 2013

Íþróttamaður og íþróttakona ársins 2013 voru kjörin af æskulýðs- og tómsbundanefnd Flóahrepps ásamt formönnum ungmennafélaga sveitarfélagsins. Árni Steinn Steinþórsson handboltamaður var kjörinn íþróttamaður ársins og Guðrún Inga Helgadóttir glímukona var kjörin íþróttakona ársins.

Árni Steinn og Guðrún Inga eru vel að kjörinu komin og er þeim óskað velfarnaðar í framtíðinni.

Skólaakstur

Kristján Einarsson sem verið hefur skólabilstjóri í Flóahreppi hefur tekið ákvörðun um að hætta skólaakstri.

Kristján hefur verið farsæll bílstjóri til margra áratuga, fyrst í fyrrum Villingaholtshreppi og síðan í Flóahreppi.

Kristjáni eru þökkuð góð störf í þágu sveitarfélagsins.

Vinnuskóli Flóahrepps

Ráðnir hafa verið tveir flokkstjórar við Vinnuskóla Flóahrepps í sumar en það eru þau Birna Almarsdóttir frá Lambastöðum og Árni Geir Hilmarsson frá Hamarshjáleigu. Þau hafa bæði góða reynslu í sambandi við samskipti og samstarf við unglinga. Birna og Árni Geir ásamt unglungum sem starfa munu við Vinnuskólann í sumar eru boðin velkomin til starfa.

Sláttur fyrir eldri borgara og öryrkja

Vinnuskóli Flóahrepps mun bjóða upp á slátt við heimahús fyrir eldri borgara og öryrkja í sumar á tímabilinu 10. júní til 17. júlí. Gjald fyrir slátt á görðum er 22,00 kr. pr/fm en ellilífeyris- og örorkuþegar fá 75% afslátt af gjaldi.

Pantanir eru teknar niður í síma 480-4370 frá kl. 9:00 til 13:00 alla virka daga.

Fjör í Flóa 2014

Þeim fjölmörgu aðilum sem lögðu hönd á plóg til að gera Fjör í Flóa jafn veglegt og skemmtilegt og raun ber vitni eru færðar kærar þakkir fyrir þeirra framlag.

Rekstrarstjórn félagsheimila, kvenfélög, ungmennafélög og allir hinir sem opnuðu hús, tóku á móti gestum, sáu um markaðsmál og ótal margt annað eiga heiður skilinn.

Það er ljóst að undirbúningur fyrir svo veglega hátíð er ekki hrist fram úr erminni heldur þarf markvissa og mikla vinnu til og fyrir það ber að þakka.

Hátíðin tókst vel í alla staði og fjöldi manns mætti á hina fjölbreyttu viðburði sem í boði voru.

Auglýsing, skólaakstur

Flóahreppur leitar að bílstjóra til að keyra skólabil í sveitarfélaginu. Bílstjóri þarf að hafa yfir að ráða bifreið fyrir 17-20 nemendur og vera með öll tilskilin leyfi, s.s. meirapróf.

Bifreið þarf að vera í góðu ástandi, með bifreiðaskoðun bifreiða til fólksflutninga og uppfylla öll skilyrði laga og reglugerða um gerð og búnað ökutækja.

Áhugasamir geta sent tölvupóst á netfangið floahreppur@floahreppur.is fyrir 13. júní n.k.

Frekari upplýsingar veitir Margrét Sigurðardóttir í síma 480-4370.

Tek að mér hross í tamningu og þjálfun í sumar. Er staðsettur í Kolsholti 3 Flóahrepp. Mánaðargjald 35 þúsund.

Nánari upplýsingar gefur Þorgils Kári Sigurðsson í síma 6611355 og 4863332

Pistillinn

Þakka þér fyrir áskorunina, Victor, já og sömuleiðis fyrir heldur illa verðskuldað hrós í minn garð.

Þegar þetta er ritað eru kosningar á næsta leiti, eða eftir um það bil viku.

„Kosningabaráttan“ í fullum gangi. Annars fara kosningabarátta, kosningaslagur og önnur ámóta orð, í mínar finustu taugar þegar um kosningar til sveitarstjórnar í svona litlu samfélagi er að ræða. Aðdragandi kosninganna okkar er, eða eiga að vera, einlæg samtöl milli frambjóðenda og kjósenda um málefni sveitarinnar.

„Kosningabaráttan“ þarf í mínum huga fyrst og fremst að vera heiðarleg, þá fyrst getur hún orðið málefnaleg. Fólk verður að kunna að hlusta á annarra rök og síðan að veга þau og meta. Ég vona sannarlega að ykkur, frambjóðendur góðir, hafi tekist að halda í þetta í aðdraganda þessara kosninga.

Þegar þetta birtist hefur verið kosin ný stjórn fyrir (ekki yfir) sveitina okkar.

Nýju sveitarstjórnina styð ég, og vonandi við öll, af heilum hug, enda er engin ástæða til annars. Ég sé ekki betur en allt þetta fólk á listunum sé gott fólk og vel hæft til þessara starfa. Reyndar verð ég að segja að ég tek ofan fyrir ykkur því þið eruð tilbúin til að fórna ýmsu til að samfélagið geti gengið eins og það á að gera. Ég get sagt ykkur að þið hafið tekið að ykkur starf sem er í senn vanþakklátt, tímafrekt og illa launað. Vanþakklátt vegna þess að það er alveg sama hvaða ákvörðun er tekin, eða ekki tekin,

alltaf verða einhverjir óánægðir sem hafa hátt og gagnrýna stundum óvægilega. Tímafrekt er það líka, þið eigið bara eftir að sjá bunkana af lögum og reglum, boðum og bönnum, hefðum og siðum, sem þarfa að vinna eftir. Launin eru því miður ekki í nægjanlegu samræmi við vinnuna. En ég býst við því að þetta vissuð þið þegar þið buðuð ykkur fram. Ég ætla líka að segja að þetta er oftast ljómandi gaman. Þið eigið eftir að kynnst fullt af góðu fólki sem er að vinna að sömu hlutum við ýmsar aðstæður. Svo er fólk sem þarf á einhverri fyrirgreiðslu sveitarinnar að halda. Munið bara að fyrirgreiðslupólitik er úrelt, fullt jafnræði verður að gilda fyrir alla íbúa sveitarinnar. Hafið það í huga ásamt því að hlusta á rök, veга þau, og taka síðan ákvörðun af heiðarleika.

Megi ykkur, og okkur hinum líka, farnast vel, því Flóahreppur á áreiðanlega framundan vænlega tíma ((bjarta framtíð)).

Mig langar til að biðja Silju Rún Kjartansdóttir í Gerðum að skrifa næsta pistil.

Með kveðju, Einar H. Haraldsson

Frá Tré og list Forsæti

Góðir sveitungar og aðrir gestir. Sigrún Sigurðardóttir Súluholti hefur opnað myndlistarsýningu sem mun standa óákveðið í safninu. Þetta er hennar fyrsta einkasýning.

Íþróttahátíð HSK í frjálsum íþróttum

Héraðsleikar og Aldursflokkamót HSK í frjálsum íþróttum munu fara fram laugardaginn 14. júní og hefjast kl 10:00. Mótið fer fram í Þorlákshöfn.

Héraðsleikarnir eru ætlaðir krökkum 10 ára og yngri og eru keppnisgreinar eftirfarandi:

9 ára og yngri: 60m hlaup, langstökk og 400m hlaup

10 ára: 60m hlaup, langstökk, 400m hlaup og kúluvarp

Aldursflokkamótið er fyrir krakka á aldrinum 11-14 ára og keppnisgreinar eru eftirfarandi:

13-14 ára: 100 m hlaup - 800 m hlaup - 4x100 m boðhlaup - langstökk - hástökk - kúluvarp – spjótkast – 80m grindahlaup. (14 ára)

11-12 ára: 60 m hlaup - 800 m hlaup - langstökk - hástökk - kúluvarp— spjótkast.

Skráningarfrestur er til kl 22:00 fimmtudaginn 12. júní og skráningar eiga að berast til Guðmundu á netfangið gudmunda89@gmail.com eða í síma 846-9775.

Í skráningunni verður að koma fram kennitala barns og í hvaða greinum barnið ætlar að keppa. Á aldursflokkamótinu má að hámarki keppa í 5 greinum auk boðhlaups. Mælst er til þess að allir keppendur frá Þjótanda keppi í keppnisbol liðsins en hægt er að óska eftir nýjum bolum um leið og skráningar eru gerðar. Við hvetjum alla til að koma og taka þátt í þessu skemmtilega frjálsíþróttamóti. Þess má geta að Þjótandi á að útvega starfsmenn á mótið og allir sjálfboðaliðar eru vel þegnir. Foreldrar eru sérstaklega hvattir til þess að bjóða fram aðstoð sína á mótinu.

Héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum

Héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum fer fram á Selfossvelli dagana 18. og 19. júní. Mótið hefst kl 19:00 og upphitun hefst kl 18:00. Keppnisgreinar eru eftirfarandi:

Konur: 100 m hlaup - 100 m gr. hlaup - 200 m hlaup - 400 m hlaup - 800 m hlaup - 1500 m hlaup - 4x100 m boðhlaup - hástökk - langstökk - þristökk - stangarstökk - spjótkast - kringlukast - kúluvarp - sleggjukast.

Karlar: 100 m hlaup - 110 m gr. hlaup - 200 m hlaup - 400 m hlaup - 800 m hlaup - 1500 m hlaup - 5000 m hlaup - 4x100 m boðhlaup hástökk - langstökk - þristökk - stangarstökk - spjótkast - kringlukast - kúluvarp - sleggjukast.

Skráningarfrestur er til kl 22:00 mánudaginn 16. júní og skráningar eiga að berast til Guðmundu á netfangið gudmunda89@gmail.com eða í síma 846-9775.

Heimilt er að keppa í 6 greinum auk boðhlaups. Mælst er til þess að allir keppendur frá Þjótanda keppi í keppnisbol liðsins en hægt er að óska eftir nýjum bolum um leið og skráningar eru gerðar. Eins og vanalega á Þjótandi að sjá um að manna eina keppnisgreinina starfsmönnum og sjálfboðaliðar eru hvattir til að tala við Guðmundu.

Heil og sæl

Nú um mánaðarmótin lauk ég störfum sem leikskólastjóri í leikskólanum Krakkaborg. Jóna Björg Jónsdóttir hefur nú tekið til starfa sem leikskólastjóri og býð ég hana hjartanlega velkomna í starfsmannahópinn okkar. Ég vil nota tækifærið og þakka kærlega fyrir samstarfið í vetur og fyrir þann velvilja sem leikskólanum hefur verið sýndur. Það er óhætt að segja að líðandi skólaár verði seint talið hefðbundið og hafa verkefnið verið eftir því. Ég hef hinsvegar verið lánsöm og fengið góðan stuðning frá starfsfólki, yfirstjórn, sveitungum og ekki síst foreldrum og fjölskyldum nemenda Krakkaborgar. Stjórn Foreldrafélags, Foreldraráð Krakkaborgar og Margrét Sigurðardóttir sveitastjóri fá sérstakar þakkir fyrir gott samstarf þar sem jákvæðni og lausnir hafa verið í fyrirrúmi.

Sumarhátíð Krakkaborgar var haldin á miðvikudaginn 28. maí sl. og tókst hún ljómandi vel. Gaman var að sjá hversu margir sáu sér fært um að koma og fagna með okkur. 10 glæsilegir nemendur Krakkaborgar útskrifuðust þá formlega úr leikskólanum og halda á vit grunnskólaævintýra í haust. Ég óska útskriftarnemum okkar og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju.

Í júnímánuði verður að venju lögð áhersla á fjölbreytt útinám í Krakkaborgþar sem við förum í göngutúra, rannsökum fugla, dýr og plöntur, erum með íþrótta- og hjóladaga, förum í ferðalög og fleira skemmtilegt. Skógræktarfélag Villingaholtshrepps gaf leikskólanum trjáplöntum sem við ætlum að planta á góðum stað við leikskólann og færum við félaginu kærar þakkir fyrir.

Bestu kveðjur og hafið það reglulega gott í sumar.
Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

Frá Umf. Baldri

Hreinsunardagur í Einbúa

Föstudagskvöldið 13. júní kl. 20:00 er ætlunin að hittast á árlegum hreinsunardegi í Einbúa. Þá mæta allir með sláttuvélar, hrifur og önnur verkfæri sem mögulega gætu komið að notum og snyrta hið fallega svæði okkar. Að hreinsun lokinni verður boðið upp á grillaðar pylsur og meðlæti.

Stjórnin

Úrslit páskahraðskákmóts Umf. Baldurs

Þann 10. apríl síðastliðinn var haldið í Þingborg árlegt páskahraðskákmót Umf. Baldurs. 4 skákmenn mættu til leiks og voru tefldar 2 umferðir. 5 mínútna hraðskákir. Úrslit fóru þannig að heimamaðurinn Ingimundur Sigurmundsson vann allar nema eina skák sína þar sem hann gerði jafntefli. Röðun keppenda var eftirfarandi:

1. sæti - Ingimundur Sigurmundsson 5,5 vinningur
2. sæti - Reynir Bjarkason 3,5 vinningar
3. sæti - Sigurjón Ólafsson 3 vinningar
4. sæti - Ágúst Valgarð Ólafsson 0 vinningar

Frá Flóaskóla

Nú er 10. skólaári Flóaskóla að ljúka. Veturinn hefur verið viðburðarríkur að venju enda líður tíminn jafnan hratt í skólastarfinu. Skemmtanir, þemaverkefni, vettvangsferðir og aðrar uppákomur eru hluti af hefðbundnu skólastarfi sem miðar að því að gera starfið fjölbreytilegt og áhugavert fyrir nemendur. Það sem var öðru fremur óvanalegt í vetur voru fréttir um að Flóaskóli þyrfti e.t.v. að skjóta skjólshúsi yfir aðra skólastofnun þegar fréttir bárust um myglusvepp í leikskólanum Krakkaborg. Hugmyndin var ekki sjálfsgöð og þarfnáðist nánari skoðunar. Á fundi starfsmanna Flóaskóla með Aðalsteini oddvita og Margræti sveitarstjóra má segja að hugmynd frá Örvari Rafni, íþróttakennara og forstöðumanni félagsmiðstöðvarinnar, hafi opnað fyrir lausn málsins. Hann bauðst til að flytja starfsemi félagsmiðstöðvarinnar út í Þjórsárver og í kjölfarið fór af stað heilmikil keðjuverkun sem endaði með því að leikskólinn flutti á Villingaholtið. Sambúðin hefur gengið ótrúlega vel og ýmsir kostir hafa komið fram við það að vera hér á sama stað en starfsólk beggja stofnana á heiður skilinn fyrir að láta hlutina ganga svona vel upp.

Nú eru að verða liðin tvö ár síðan undirritaður réð sig til afleysingar sem skólastjóri Flóaskóla. Kristín fyrrverandi skólastjóri ákvað síðar að snúa ekki til baka og mér gafst því kostur á að vera áfram. Þegar ég kom tók ég við skóla sem hafði verið í mikilli uppbyggingu með nýlegu skólahúsnæði og nýlegri unglingsdeild. Það var spennandi að grípa keflið á þessum tímamarki. Til staðar var mikill metnaður meðal starfsfólks og sveitarstjórnarfólks að reka flottan skóla hér á holtinu. Ég fékk því góðan stuðning við mína fyrstu ósk sem var að tölvu- og skjávarpavæða kennslustofurnar. Í kjölfarið höfum við reynt að hagræða en um leið að bæta reksturinn eins og kostur er. Við höfum nýtt tímann til að vera í faglegri vinnu um aðalnámskrá, skólanámskrá, námsmat, skólalýkil, uppeldisstefnu, skólastefnu, sjálfrmat og umbótaáætlun. Við höfum leitast við að skýra og skilgreina starfsemina okkar og auka upplýsingamiðlun og samstarf við foreldra t.d. með opnum skóla, bekkjarkvöldum og Facebook síðu.

Að mínu mati hefur starfsólk skólans og sveitarstjórnarfólkið skilað mikilli og góðri vinnu þessi tvö ár og mælingar í Skólapulsinum sýna að foreldrar eru ánægðir með okkur. Ég hef kynnst mörgu góðu fólki í sveitinni sem tók okkur fjölskyldunni frá fyrsta degi með opnum örmum. Af þessum ástæðum finnst mér tíminn sem mér hefur verið gefinn hér í sveitinni hafa verið mun lengri en raun ber vitni.

Þó að mikil vinna fari fram verður verkefni eins og að reka skóla aldrei búíð. Það hefði því verið gaman að halda áfram að vera skólastjóri Flóaskóla en eins og margir vita komu upp alvarleg veikindi í haust í fjölskyldunni sem setja strik í þann reikning. Þá greindist Guðrún Birna konan mín með brjóstakrabbamein sem krafðist langtíma meðferðar.

Við ákváðum fljótlega að gera það sem við gætum til að halda lífinu sem eðlilegustu í nýjum aðstæðum. Ég hef einbeitt mér að vinnunni í skólanum og krakkarnir okkar hafa haldið sínu striki í leik- og grunnskólanum hér á holtinu. Guðrún Birna hefur einbeitt sér að krabbameinsmeðferðinni sem hefur oft reynst full vinna og kostað mikil ferðalög og fjarverur frá sveitinni. Það má því segja að erfiðum vetri sé að ljúka í okkar persónulega lífi en við höfum verið ánægð með hvernig hlutirnir hafa gengið með hjálp góðs fólks. Það sem hefur vantað upp á er samvera mín við Guðrúnu Birnu í meðferðinni. Eftir miklar vangaveltur í mars tókum við ákvörðun í þessu ljósi um að flytja aftur í bæinn þar sem þjónustan sem Guðrún Birna þarf á að halda er, auk vina og fjölskyldu sem við þurfum núna að reida okkur á.

Við keflinu tekur Anna Gréta Ólafsdóttir og ég vona svo sannarlega að henni takist að vinna vel úr þeim efnivið sem ég fer frá núna. Sigrún Helgadóttir mun verða deildarstjóri við hennar hlið fram í janúar þegar Hulda Kristjánsdóttir kemur til baka úr fæðingarorlofi. Sigrún er öllum hnútum kunnug í skólanum sem mun skipti miklum máli fyrir Önnu Grétu. Ég vil að minnsta kosti meina að innkoma mín í skólastarfið hefði orðið mun flóknari ef Huldu hefði ekki notið við en hún setti mig fljótt og vel inn í alla hluti hér í skólanum. Hulda er gríðarlega flottur kennari og skipulagður stjórnandi. Henni verður seint fullþakkað fyrir aðstoðina sem hún veitti mér.

Þakklæti í garð samstarfsfólks, foreldra og nemenda er einmitt það sem mér er efst í huga núna þegar ég kveð skólastjórastarfið í Flóaskóla. Við fjölskyldan munum alltaf búa að árunum í sveitinni. Hingað höfðum við aldrei komið og þekktum engan en förum til baka með fangið fullt af góðum minningum og reynslu úr fallettri sveit þar sem mikill mannauður býr. Að lokum þökkum við fjölskyldan fyrir að hafa eignast yndislega vini sem við munum halda áfram að heimsækja um ókomin ár.

Bestu þakkir fyrir allt kæru sveitungar og gangi ykkur allt í haginn í framtíðinni.

Guðmundur Freyr Sveinsson,
skólastjóri Flóaskóla.

Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps

Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps verður haldinn í Þingborg miðvikudaginn 11. júní kl. 20:30. Hittumst hressar og kátar og ræðum starfið framundan. Minnum kvenfélagskonur á að greiða árgjöld félagsins.

Kaffihópur: Anna Margrét Guðmundsdóttir, Ásdís Finnsdóttir, Auður Atladóttir, Helga Baldursdóttir, Margrét Einarsdóttir, Margrét Kristinsdóttir, Veronika Narfadóttir og Katrín Þóroddsdóttir.

Kveðja stjórnin.

Pingborgarmótið- Úrslit

Pingborgarmótið fór fram 29. maí síðastliðið og lokaði þar með innanhúsæfingatímabilinu hjá krökkunum. Að þessu sinni var stigakeppni milli félaga felld út þannig að í ár snerist keppnin aðallega um að bæta sinn eigin árangur og vera með. Hér eru úrslit mótsins:

Langstökk 10 ára og yngri

f.ár árangur

Hnokkar

Sigurjón Reynisson	'05	1,69m
Einar Skeggjason	'04	1,67m
Christian Dagur Kristinsson	'05	1,45m
Helgi Reynisson	'08	1,30m
Kári Einarsson	'09	0,92m

Hnátur

Ásta Björg Jónsdóttir	'10	0,71m
-----------------------	-----	-------

Kúluvarp 10 ára og yngri 2kg

Hnokkar

Christian Dagur Kristinsson	'05	5,96m
Einar Skeggjason	'04	5,82m
Sigurjón Reynisson	'05	4,85m
Helgi Reynisson	'08	2,27m
Kári Einarsson	'09	1,12m

Hnátur

Ásta Björg Jónsdóttir	'10	1,07m
-----------------------	-----	-------

Langstökk 11 ára og eldri

Piltar

Stefán Narfi Bjarnason	'00	2,19m
Dagur Fannar Einarsson	'02	1,97m
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	1,78m
Unnsteinn Reynisson	'03	1,73m
Símon Martinsson	'03	1,65m
Elías Örn Jónsson	'03	1,62m
Ævar Örn Einarsson	'03	0,52m

Stúlkur

Sunna Skeggjadóttir	'99	2,13m
---------------------	-----	-------

Kúluvarp 11 ára og eldri

Piltar

Stefán Narfi Bjarnason	'00	10,54m	4kg
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	7,59m	3kg
Dagur Fannar Einarsson	'02	6,62m	3kg
Unnsteinn Reynisson	'03	6,30m	2kg
Elías Örn Jónsson	'03	5,60m	2kg
Símon Martinsson	'03	5,47m	2kg
Ævar Örn Einarsson	'03	3,13m	2kg

Stúlkur			
Sunna Skeggjadóttir	'99	8,65m	3kg

Hástökk 11 ára og eldri

Piltar

Stefán Narfi Bjarnason	'00	1,30m
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	1,20m
Dagur Fannar Einarsson	'02	1,20m
Unnsteinn Reynisson	'03	1,05m

Stúlkur

Sunna Skeggjadóttir	'99	1,25m
---------------------	-----	-------

Þrístökk 11 ára og eldri

Piltar

Stefán Narfi Bjarnason	'00	6,31m
Dagur Fannar Einarsson	'02	5,79m
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	5,13m
Unnsteinn Reynisson	'03	4,68m
Símon Martinsson	'03	4,52m
Eliás Örn Jónsson	'03	4,48m

Stúlkur

Sunna Skeggjadóttir	'99	5,92m
---------------------	-----	-------

Skákfréttir

Seinasta skákæfing vetrarins var haldin miðvikudaginn 21.maí. Á æfingunni fengu nemendur afhent 44 bls. æfingahefti og fara þannig nestuð inn í sumarið. Við höfum öll skemmt okkur vel á þessum skákæfingum. Börnin hafa tekið vel eftir og hægt er að merkja framfarir hjá þeim öllum. Vonandi finnst flötur á því að halda þessu áfram næsta haust. Nánari upplýsingar má finna á <http://floaskak.blog.is>

Með kveðju, Ágúst Valgarð Ólafsson

Frjálsíþróttæfingar

Ungmennafélögin í Flóahreppi munu standa fyrir frjálsíþróttæfingum á íþróttavellinum við Þjórsárver í sumar. Æfingarnar eru ætlaðar börnum fæddum 2008 og eldri og verða á **þriðjudögum frá kl 18:00-19:00**. Þjálfari verður Guðmunda Ólafsdóttir. Við hvetjum sem flesta krakka til að mæta, því fleiri, því skemmtilegra!

Við viljum einnig hvetja foreldra til að sameinast um akstur á æfingarnar og bendum á að sniðugt væri fyrir foreldra að nýta tímann á meðan æfingin stendur til þess að ganga eða skokka um svæðið saman og ná sér þannig í hreyfingu í góðum félagsskap.

Ungmennafélögin

Leikjanámskeið

Þriðjudaginn 10. júní n.k. hefst leikjanámskeið ungmennafélaganna fyrir krakka 6-12 ára eða þau sem fædd eru á árunum 2002-2008. Kennnt verður á ípróttasvæðinu við Þjórsárver í 10 skipti eða alla virka daga frá 10.-24. júní frá kl. 9:00-11:30. Kennari á námskeiðinu verður Örvar Rafn Hlíðdal ípróttakennari. Skráningar eiga að berast til hans í síðasta lagi mánudaginn 9. júní á netfangið orvar@floaskoli.is eða í síma 8235855.

Allir krakkar verða að mæta klæddir eftir veðri og gott er að hafa meðferðis örlítið af hollu og góðu nesti. Verð er kr. 4000 á þátttakanda en veittur er 500 kr. systkinaafsláttur. Þátttökugjald skal greiðast til þjálfara við upphaf námskeiðs.

Með von um góða þátttöku nú eins og undanfarin ár.
Ungmennafélögin í Flóahreppi.

Girðingavinna 7. júní

Fyrirhugað er að fara og girða nýja girðingu í Hrútafelli laugardaginn 7. júní n.k. Allir sem geta lagt hönd á plóg eru hvattir til að láta Reyni á Hurðarbaki vita í síðasta lagi á föstudag í síma 898-0929.

Sauðfjárþændur sem reka í afrétt eru sérstaklega hvattir til að sýna ábyrgð og senda fulltrúa til vinnu þennan dag.

Stjórn Afréttamálafélags Flóa og Skeiða

Dagskrá mánaðarins

Girðingavinna á afréttinum	7. júní
Fermingarguðsþjónusta í Gaulverjabæjarkirkju	8. júní
Fermingarguðsþjónusta í Hraungerðiskirkju	8. júní
Fermingarguðsþjónusta í Villingaholtskirkju	9. júní
Fermingarguðsþjónusta í Laugardælakirkju	9. júní
Ípróttæfing við Þjórsárver	10. júní
Leikjanámskeið hefst	10. júní
Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	11. júní
Hreinsunardagur í Einbúa	13. júní
Héraðsleikar og Aldursflokkamót HSK	14. júní
Þjóðháttíðarhöld í Einbúa	17. júní
Hérðasmót í frjálsum	18.-19. júní
Leikjanámskeiði lýkur	24. júní

